

## Skilablað – Húsnæði fyrir hælisleitendur

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguþúsnæði (leiguverkefni).

### 1 Upphof verkefnis

Verkefnið varðar aukið húsnæði fyrir hælisleitendur.

Verkbeiðni barst frá Útlendingastofnun í maí 2015.

Beiðnin fólst í að finna húsnæði fyrir hælisleitendur.

Verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins var Róbert Jónsson.

### 2 Verklýsing

Staðsetning verkefnis var hjá Útlendingastofnun en verkefnið var unnið í samráði við innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir aukinn fjölda hælisleitenda sem komið hafði til landsins en þeim hafði fjölgæð talsvert á undanförnum misserum.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá Framkvæmdasýslunni.

### 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0097.

### 4 Framvinda

Framkvæmdasýsla ríkisins vann húslýsingu fyrir verkefnið og var niðurstaðan sú að auglýsa eftir 25–30 fullbúnum vistarverum fyrir hælisleitendur.

Húsrýmisþörf var áætluð um 500 m<sup>2</sup>.

Auglýst var eftir húsnæði í apríl 2015. Óskað var eftir um 500 m<sup>2</sup> húsnæði til leigu í 12 mánuði með möguleika á framlengingu til 12 mánaða.

Alls bárust fimm tilboð í húsnæði.

Samþykkt var að ganga til samninga við Karl Mikla ehf. um leigu á 530 m<sup>2</sup> húsnæði við Grensásveg 12 í Reykjavík.

Skrifað var undir leigusamning í júlí 2015. Leiguverð var 6.000 kr. á hvern fermetra húsnæðis. Allur búnaður var innifalinn, svo sem vélbúnaður í eldhús og þvottahús og fullbúin herbergi.

Húsnæðið var nánast fokhelt í upphafi verks. Það þurfti því að framkvæma talsverðar framkvæmdir á húsnæðinu áður en það var afhent tilbúið til notkunar í nóvember 2015.

Ákvæðið var að taka jafnframt annað húsnæði á leigu sem hafði verið boðið til leigu. Var það húsnæði við Bæjarhraun 16 í Hafnarfirði. Húsnæðið var 995 m<sup>2</sup> að stærð og var skrifað undir leigusamning í júní 2015. Leiguverð var 1.650 kr. á hvern fermetra húsnæðis. Leigusali var RA6 ehf.

Talverðar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og var það tilbúið til notkunar í júlí 2015.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður við verkefnin var 1.500.680 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnis var sú að tekið var á leigu tvö hús fyrir hælisleitendur, annað við Grensásveg 12 og hitt við Bæjarhraun 16 í Hafnarfirði.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklok

Verklok voru í júlí og nóvember 2015.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Róbert Jónsson verkefnastjóri